

III.

Áður en vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðisviði hefst skal nefnd um starfrækslu gagnagrunns skv. 6. gr. sjá til þess að fyrir liggi úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum,
nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum
(refsiábyrgð lögaðila).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Refsiábyrgð lögaðila**, með þremur nýjum greinum, 19. gr. a–19. gr. c, svohljóðandi:

a. (19. gr. a.)

Lögaðila verður gerð fésekt þegar lög mæla svo fyrir.

b. (19. gr. b.)

Ákvæði í lögum um refsíábyrgð lögaðila gilda, nema annað sé þar tekið fram, um sérhvern ópersónulegan aðila sem getur átt réttindi og borið skyldur að íslenskum rétti, þar með talin hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, sameignarfélög, samvinnufélög, almenn félög, sjálfseignarstofnanir, stjórnvöld, stofnanir og sveitarfélög.

c. (19. gr. c.)

Refsíábyrgð lögaðila er bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með sagnæmum hætti unnið refsinsæman og ólögmatan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin því skilyrði að unninn hafi verið refsinsæmur og ólögmatur verknaður í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

2. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 101/1976, orðast svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin skal eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

3. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sökunautur, sem gerð hefur verið sekt, getur ekki krafist aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

4. gr.

Við 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, bætist nýr málslíður er orðast svo: Nú er lögaðila gerð sekt og er vararefsing þá eigi ákveðin.

5. gr.

Við 4. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Nú rofnar fyrningarfrestur gagnvart fyrirvarsmanni lögaðila, starfsmanni hans eða öðrum á hans vegum og rofnar þá fyrningarfrestur jafnframt gagnvart lögaðilanum. Rof fyrningarfrests gagnvart lögaðila leiðir ekki til rofs á fyrningarfresti gagnvart fyrirvarsmanni, starfsmanni eða öðrum á vegum lögaðilans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á lögum um embættiskostnað sóknarpresta
og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.